

REGLUR

um breytingu á reglum um félagslegt leiguhúsnaði hjá Hafnarfjarðarkaupstað, nr. 428/2025.

1. gr.

F-liður 1. mgr. 4. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

f. Umsóknir skulu metnar samkvæmt ákveðnum matsviðmiðum og reiknuð stig á 15 stiga kvarða. Við lok mats eru reiknuð stig fyrir hvern þátt fyrir sig. Til þess að umsókn verði samþykkt á biðlista skal umsækjandi vera með 8 stig eða fleiri.

2. gr.

4. mgr. 9. gr. reglnanna fellur brott.

3. gr.

Við bætist ný 1. mgr. 18. gr. reglnanna sem verður svohljóðandi:

Sé niðurstaða umsóknar um almennt félagslegt leiguhúsnaði að umsækjandi uppfylli ekki skilyrði skv. 4. gr. eða eftir endurmat á umsókn skv. 15. gr. er fjölskyldu- og barnamálasviði í undantekningartilvikum heimilt að veita undanþágu frá settu skilyrði. Undanþága skal aðeins veitt hafi umsækjandi orðið fyrir meiriháttar röskun á stöðu og högum vegna sérstakra aðstæðna sem útskýra að skilyrði sé tímabundið ekki uppfyllt. Sé undanþága veitt heldur hún gildi sínu fram að næsta endurmati á umsókn.

4. gr.

1. mgr. 18. gr. verður 2. mgr. og 2. mgr. 18. gr. verður 3. mgr.

5. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með stöð í 21. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991, öðlast gildi 1. ágúst 2026.

Breytingarnar voru samþykktar í fjölskylduráði Hafnarfjarðar 9. júní 2026 og í bæjarráði í umboði bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 11. júní 2026.

Hafnarfjarðarkaupstað, 18. júní 2026.

Guðlaug Ósk Gísladóttir,
sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.

B deild - Útgáfudagur: 7. júlí 2026